



## Blaksamband Íslands

Reykjavík, 8. mars 2022

### Efni: Lög BLÍ

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur tekið fyrir lög Blaksambands Íslands með breytingum sem samþykktar voru á ársþingi sambandsins 2021. Stuðst var við álit laganefndar ÍSí.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við lög sambandsins eftir yfirllestur á lögnum í heild:

#### Grein 2.1

Laganefnd telur að fella eigi þessa grein úr lögnum þar sem 2. grein laganna segir það sem þarf í þessum efnum. Orðalag greinarinnar er villandi og meining hennar er óljós.

#### 5. grein

Fella þarf út eftirfarandi setningu í greininni:

*„Val fulltrúa á blakþing skal miðast mið fjölda iðkenda, félaga eða keppenda innan hvers héraðssamband/íþróttabandalags um síðastliðin áramót og skal þá tilgreina hver þessara kosta skuli gilda.“*

Ofar í sömu grein kemur skýrt fram hvernig rétturinn til fulltrúa á ársþingi BLÍ verður til og því er ofangreindum texta ofaukið í greininni. Mögulega hefur hann orðið eftir í lögnum þegar fulltrúaútreikningi var síðast breytt.

#### 12. grein

Samkvæmt 5. grein þá fer fulltrúafjöldi eftir þátttöku í deildum/mótum, sem BLÍ getur sannreynt í sínu mótakerfi. Því fær ekki séð að síðasta setning 12. greinar standist.

#### 19. grein

Efst í greininni kemur fram að aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstóll BLÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda BLÍ, sem varða lög og reglugerðir BLÍ eftir því sem við á.

Með hliðsjón af því og þar sem það er ekki í valdi BLÍ að takmarka rétt fólks til að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum þá skal fella út niðurlag síðustu setningar greinarinnar, þ.e. eftirfarandi: *„...en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.“*

Framkvæmdastjórn ÍSí staðfesti lög BLÍ með fyrirvara um ofangreindar breytingar.

Vinsamlegast sendið eintak af lagfærðum lögum BLÍ til skrifstofu ÍSí þegar um lögina hefur verið fjallað á viðeigandi vettvangi sambandsins.

Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Halla Kjartansdóttir  
skrifstofustjóri

